

Rangárþing eystra
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 6. nóvember 2023
UST202310-242/B.S.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag - Strengur milli Rimakots og Vestmannaeyja. Umsögn

Vísað er til erindis Rangárþings eystra dags. 18. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna lagningar rafstrengs frá tengivirki við Rimakot til Vestmannaeyja.

Umhverfisstofnun vill benda á eftirfarandi atriða sem gott væri að hafa í huga við frekari vinnslu skipulagstillögunnar og eftir atvikum matsskyldu fyrirspurn. Lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar samkvæmt [lögum nr. 33/2004](#) um varnir gegn mengun hafs og stranda og [reglugerð nr. 600/2018](#) um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna. Framkvæmdir skulu samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Með umsókn til Umhverfisstofnunar um lagningu sæstrengs eða neðansjárleiðslu skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar um eins og við á hverju sinni:

- Lýsing á umfangi framkvæmdar og umfangi einstakra framkvæmdaþátta og uppdættir af staðsetningu og legu.
- Upplýsingar um gerð, tegund og tilgang lagningar viðkomandi sæstrengs eða neðansjárleiðslu.
- Upplýsingar um hvernig framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlunum eða skipulagsstefnu á viðkomandi svæði.
- Lýsing á staðháttum á framkvæmdarsvæði.
- Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Telji Umhverfisstofnun að upplýsingar í umsókn séu ófullnægjandi, eftir að hafa gefið framkvæmdaraðila kost á úrbótum, skal stofnunin vísa umsókn frá skriflega og gera grein fyrir þeim þáttum sem vanreifaðir eru.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur